

179

7. nóv.

VIÐAUKAREGLUGERÐ

við reglugerð frá 2. október 1940 um sölu og veitingar áfengis, er um ræðir í lögum nr. 33 frá 9. janúar 1935 og lögum nr. 3 frá 4. apríl 1923.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að leyfa tilbúning öls, sem hefir inni að halda meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli, til að selja hinu brezka setuliði hér á landi.

2. gr.

Þeim, sem leyfi fá til framleiðslu slíks öls, er óheimilt að veita, selja eða láta ölið af hendi til annara en umboðsmanna yfirstjórnar brezka setuliðsins hér á landi.

3. gr.

Fyrst um sinn, þar til öðruvísi kann að verða ákveðið, greiðist framleiðslutollur af öli þessu samkvæmt 4. kafla 3. töluliðs 2. greinar laga nr. 60 1939 um gjald af innlendum tollvörutegundum og fer um innheimtu gjaldsins samkvæmt tédum lögum, sbr. reglugerð nr. 9 1935.

4. gr.

Dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra skipa sinn manning hvor til að hafa eftirlit með því, að ákvæðum reglugerðar þessarar sé framfylgt.

5. gr.

Fyrir brot gegn ákvæðum laga 29. október 1940 og ákvæðum þessarar reglugerðar skal refsast samkvæmt 15. grein laga nr. 33 9. janúar 1935, sbr. 33. gr. sömu laga.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt bráðabirgðalögum frá 29. október 1940 um breyting á áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935, öðlast þegar gildi.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. nóvember 1940.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

180

11. nóv.

REGLUR

um viðskipti talstöðva í landi (og í eyjum).

Mið tilliti til ástandsins í landinu eru hér með settar eftirfarandi bráðabirgðareglur um viðskipti milli talstöðva í landi (og í eyjum), hvort heldur eru lands- símastöðvar eða einkastöðvar:

1. Öll samtöl við einstaklinga eða talstöðvar í landi (og í eyjum) eru bönnuð.
2. Öll viðskipti slíkra talstöðva fari fram í skeytaformi og afrit af skeytunum sendist póst- og símamálastjórninni strax eftir hver mánaðamót.
3. Öll viðskipti frá slíkum talstöðvum fari aðeins fram á 188 metra öldulengd.
4. Dulmál og símnafni í einkatalskeytum eru bönnuð.